

FISKISTOFA

TRAUÐ - FRAMSÆKNI - VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Skipulagsstofnun  
Tinna Jónsdóttir  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 28. apríl 2021  
Tilv. 2021-04-28-1792/2.5

Efni: Varðar tillögu að matsáætlun fyrir eldisstöðina Röndina Kópaskeri

Með tölvupósti þann 27. apríl s.l. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi tillögu að matsáætlun fyrir eldisstöðina Röndina Kópaskeri.

Fiskistofa vísar til umsagnar stofnunarinnar vegna fyrirspurnar um matsskyldu, dags. 14. ágúst 2020.

Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.

Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Það er því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gert er ráð fyrir tvöföldu öryggi gegn því að seiði sleppi út í viðtaka frá fiskeldinu. Fyrsta vörnin felst í stálrist við útfall vatns úr kari. Önnur vörnin felst í að affallsvatn fer í gegnum þéttan tromlufilter sem telst afar fiskheldur. Þessar aðferðir tryggja að slysasleppingar verða litlar sem engar og því ekki þörf á frekara mati á áhrifum vegna slysasleppinga. Því telur Fiskistofa að litlar líkur séu á því að fiskar muni berst frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska.

Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hættu á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni.

Fiskistofa telur að nægilega sé fjallað um þá þætti sem snúa að hugsanlegum áhrifum starfseminnar sem gætu varðað náttúrulega stofna laxfiska.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Stamp from Skipulagsstofnun (Planning Office) dated 7 April 2022. The stamp includes the number 202203007.



**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**  
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Hafnarfirði, 07.04.2022  
MFRI: 2022-03-0308

### Efni: Umsagnarbeiðni - Eldisstöð á Röndinni á Kópaskeri

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 23. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna umhverfismatsskýrslu um ofangreinda framkvæmd.

Skipulagsstofnun fer fram á að Hafrannsóknarstofnun veiti umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í umsögn skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og vill ítreka að lög um stjórn vatnamála eiga við um ástand viðtakans líkt og um grunnvatn og vatnafar. Í skýrslunni er ekki fjallað um að ástand viðtakans skuli vera metið m.t.t. þess að ástandi hans megi ekki hnigna skv. þessum lögum. Ekki hefur verið reiknaður út styrkur á næringarefnum miðað við frárennslið sem mun koma frá stöðinni en magn lífrænna efna (tonn á ári) er gefið upp í töflu 2.2. Það er því erfitt að átta sig á álaginu frá eldisstöðinni líkt og bent var á í tillögu að matsáætlun.

Að öðru leyti er ekki að sjá annað en að fyrri athugasemdir Hafrannsóknastofnunar hafi verið teknar til greina.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

*Rakel Guðmundsdóttir*

Rakel Guðmundsdóttir

## Gríma Eik Káradóttir - SLS

**From:** Sigurdís Sveinbjörnsdóttir <sigurdis@nordurthing.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 6. apríl 2022 09:05  
**To:** Skipulagsstofnun - SLS; Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS  
**Subject:** RE: FS: Umsagnarbeiðni - Röndin á Kópaskeri, eldisstöð

Góðan dag

Beiðni um umsögn vegna eldisstöðvar á Röndinni á Kópaskeri var tekið fyrir á 123. fundi skipulags- og framkvæmdaráðs þann 5. apríl 2022. Eftirfarandi var bókað:

### Beiðni um umsögn vegna eldisstöðvar á Röndinni á Kópaskeri 202203119

Skipulagsstofnun óskar umsagnar Norðurþings skv. 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar aukningar fiskeldis á Röndinni á Kópaskeri. Fyrir liggur umhverfismatsskýrsla unnin af Eflu hf verkfræðistofu dags. 1. mars 2022. Skv. skýrslunni er áformað að framleiða allt um 8.800 tonn af laxaseiðum á ári á lóð fyrirtækisins. Framleiðslan fari fram á fjórum kerjapöllum til samræmis við ákvæði fyrirbyggjandi deiliskipulags svæðisins. Niðurstaða umhverfismatsskýrslu er að framkvæmdin muni hafa talsverð neikvæð áhrif á tvo umhverfisþætti sem metnir voru í umhverfismatinu. Annarsvegar á grunnvatn og vatnafar en hinsvegar á fuglalíf. Helstu mótvægisáðgerðir sem horft er til er sláttur eða beit á lúpínu til að bæta kjörlendi varpfugla og dreifing á vatnstöku til að draga úr staðbundnu álagi. Áhrif framkvæmdar á fornleifar, náttúruverndarsvæði, lyktarmengun, útivist og upplifun og sjónræn áhrif eru talin óveruleg.

**Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings telur að framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum sé lýst á fullnægjandi hátt í greinargerð. Uppbyggingaráform eru í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Uppbygging svæðisins er þegar hafin með uppbyggingu tveggja húsa auk annarra innviða lóðarinnar. Fiskeldi er þegar hafið í einu húsi. Frekari uppbygging er háð framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi af hálfu sveitarfélagsins.**

Þetta tilkynnist hér með.

F.h. Norðurþings


Sigurdís Sveinbjörnsdóttir

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Stjórnsýsluhúsi Norðurþings | Ketilsbraut 7-9 | 640 Húsavík | sími: 464-6100



Um ábyrgð á tölvupósti/email disclaimer

 Skipulagsstofnun
Mótt.: - 6 apríl 2022
Málnr.
20 2 20 3 0 0 7

Frá: Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS

Sent: miðvikudagur, 23. mars 2022 09:57

Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík



Selfossi, 5. maí 2022  
Tilvísun: 2203571

## Efni: Umsögn Matvælastofnunar um umhverfismatsskýrslu Rifóss vegna stækkunar eldisstöðvar á Röndinni, Kópaskeri

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 23. mars 2022, vegna stækkunar fiskeldisstöðvar Rifós á Röndinni á Kópaskeri. Rifós hf. er með rekstrarleyfi FE-1168 fyrir 400 tonna hámarkslífmassa fyrir seiðældi á laxi á Röndinni, Kópaskeri. Tilvonandi framkvæmd gerir ráð fyrir 2.700 tonna hámarkslífmassa af laxaseiðum á hverjum tíma.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í kafla 2.4.2 kemur fram varðandi vatnsnýtingu að þær agnir sem skiljast frá afrennslisvatni í agnskilju renni í seyrotank/fiskimykjutank og eru síðan sogaðar þaðan með haugsugu og er notað sem áburður. Einnig kemur fram í kafla 2.4.4 um fráveitu og fiskimykju að um 847 tonn af fiskimykju falli til vegna starfsemi stöðvarinnar á ári. Fiskimykjunni verði safnað í mykjutanka innan lóðar og hún síðan nýtt sem áburður til landgræðslu í nágrenni stöðvarinnar eða til fóðurframleiðslu. Matvælastofnun upplýsir hér með að Rifós þarf að sækja um skráningu áburðarfyrirtækis í þjónustugátt Matvælastofnunar á [www.mast.is](http://www.mast.is) (umsókn 1.06). Jafnframt vill stofnunin benda á að ekki er heimilt að nota fiskimykju til fóðurframleiðslu.


Í umhverfismatsskýrslu í kafla 2.4.10 um förgun úrgangs kemur fram að allur dauður fiskur verði malaður upp og settur í maurasýru. Jafnframt kemur fram að samningur sé við Hordafor í Noregi um að hirða sýrt prótínmaukið. Matvælastofnun ítrekar að sækja þarf um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra í þjónustugátt stofnunarinnar á [www.mast.is](http://www.mast.is) (umsókn 1.07).

Matvælastofnun telur að í umhverfismatsskýrslu sé gerð ágætlega grein fyrir fiskheldni stöðvarinnar. Í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kemur fram að í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva á landi skuli kveðið á um að gildistaka þess sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna er varða heilbrigðis- og velferðarmál.

Virðingarfyllst,  
f.h. Matvælastofnunar

*Erna Karen Óskarsdóttir*  
Erna Karen Óskarsdóttir  
Fagsviðsstjóri fiskeldis

Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

 Skipulagsstofnun	JE
Mótt.: 10 maí 2022	
Mátnr.	
20 22 0 3 0 0 7	



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 10. maí 2022  
MÍ202205-0061/ 6.07 / K.M.

## Efni: Eldisstöð Röndinni Kópaskeri í Norðurþingi.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 23. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Í umhverfismatsskýrslu segir að Rifós hf. hafi uppi áform um byggingu fiskeldisstöðvar á Röndinni á Kópaskeri en um sé að ræða fiskeldi á landi. Fyrirhuguð eldisstöð verður staðsett syðst á Röndinni við ósa Snartarstaðalækjar og er gert ráð fyrir að framleiðslugeta eldisins verði um 8.800 tonn af laxfiskum á ári. Gert er ráð fyrir allt að fjórum kerjapöllum sem hver er með allt að átta útikerjum, alls 32 ker. Hvert ker er að hámarki 17 m í þvermál.

Lóð fiskeldisins er 31.736 m<sup>2</sup> að stærð. Innan lóðarinnar eru átta byggingareitir. Á þessum reitum á að byggja, auk eldiskerjanna, þjónustuhús, fóðursíló og seyrutanka og tromlur. Gert er ráð fyrir að boraðar verði 24 borholur þar sem borað verður eftir jarðsjó. Í kafla 2.4.2 í umhverfismatsskýrslu segir að borholurnar og veitulagnir sem þeim fylgja verða innan lóðarinnar. Þar er líka vísað á mynd 2.5 þar sem líkleg staðsetning á borholum er sýnd með fjólublárrí línu. Sú lína nær út fyrir lóð fiskeldisins.

Í kafla 2.4.7 í umhverfismatsskýrslu er fjallað um vegagerð og samgöngur. Þar kemur fram að aðkoma að svæðinu er um núverandi veg sem tekur við af vegi sem liggur frá Röndinni. Gert er ráð fyrir að byggja þurfi veginn upp á um 200 m kafla. Bílastæði verða á lóð fiskeldisstöðvarinnar. Innan lóðar er gert ráð fyrir þjónustuvegum að kerjapöllum og öðrum mannvirkjum.

Kafla 2.4.8 er um efnistöku. Þar segir að Vegagerðin sé með löggilda efnisnámu við brúna við Jökulsá og að efni sem þörf er á vegna framkvæmdarinnar verði sótt þangað.

Fjallað er um fornleifar í kafla 4.4 í umhverfismatsskýrslu. Eins og þar kemur fram voru fornleifar á svæðinu skráðar þegar unnið var að deiliskipulagi þess. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá 2019, *Röndin á Kópaskeri: Deiliskráning vegna hugmynda um uppbyggingu fiskeldis*.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærarlegar til vðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is


Samtals voru skráðir sex minjastaðir innan skipulagssvæðisins, varða/sjómerki (NP-067:055), varða/sjómerki (NP-067:056), hleðsla/brú (NP-067:057), leið (NP-067:058), vatnsból (NP-067:059) og hleðsla (NP-067:060).

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að byggingareitir séu a.m.k. í 50 m fjarlægð frá strandlengju og ekki nær Snartarstaðalæk en 50 m. Af þeim sex minjastöðum sem skráðir voru er einn horfinn, leið (NP-067:058), fjórir innan 50 metra frá sjó eða Snartarstaðalæk og því var aðeins ein meint fornleif innan lóðar og byggingarreits, hleðsla (NP-067:060).

Minjavörður Norðurlands kannaði svæðið í ágúst 2020. M.a. voru teknir borkjarnar á svæðinu þar sem garðarnir sem skráðir voru undir NP-067:060 eru. Í bréfi minjavarðarins til skipulags- og byggingafulltrúa Norðurþings, dags. 19.08.2020, kom fram að niðurstaðan þeirrar rannsóknar hefði verið að skráður minjastaður, NP-067:060, sé ekki fornleifar og því ekki friðaður samkvæmt lögum um menningarminjar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem hjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,  
f.h. Minjastofnunar Íslands




Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jóhanna Hrund Einarisdóttir ([johanna.h.einarsdottir@skipulag.is](mailto:johanna.h.einarsdottir@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 10 maí 2022
Málnr. 202203007

Skipulagsstofnun  
bt. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

[johanna.h.einarsdottir@skipulag.is](mailto:johanna.h.einarsdottir@skipulag.is) [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Dags. 10.05.2022  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2018-0093  
0.5.1

Með erindi dags. 23. mars sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um umhverfismatsskýrslu varðandi framkvæmd við fiskeldisstöð Rifóss hf. á Röndinni á Kópaskeri.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Fyrirhuguð eldisstöð verður staðsett við ósa Snartarstaðalækjar. Nokkuð er um votlendi og vatnshlot á svæðinu. Fram kemur í matsskýrslunni að grunnvatnshlotið sem framkvæmdasvæðið tilheyrir nefnist Melrakkaslétta, vatnshlot 102-136-G (vatnavefsja.vedur.is). Bent er á í matsskýrslu að jarðsjór sá sem nálgast má við Röndina, um 13°C og hentar vel við laxeldi, sé einstakur bæði á landsvísu og heimsvísu. Samkvæmt mynd 2.1 eru lóðamörk fiskeldisins alfarið innan náttúrverndarsvæðis á náttúrumínjaskrá. Þannig má ætla að mikilvægt sé að standa vel að rannsóknum hvað varðar umhverfisáhrif sem og samráði við tilskilda aðila.

Hér mun einkum fjallað um möguleg áhrif á grunnvatn og vatnakerfi en ekki tekin afstaða til verndarsvæða eða annarra umhverfisáhrifa.

Í samantektarkafli matsskýrslunnar kemur fram að vinnsla grunnvatns fari yfir viðmið og vænta megi staðbundinna áhrifa á grunnvatn og vatnafar sökum dælingar, auk þess sem áhrifa gæti við mýri í nágrenni vinnsluhola. Ekki er hægt að útiloka að vatnshæð í mýri sveiflist samhliða dælingu. Jafnframt kemur fram að nokkur óvissa er í niðurstöðum rannsókna vegna þess hve stutt prófunartímabilið var og því erfitt að segja til um hver áhrif dælingar verða við fulla vinnslu. Í ljósi þess metur framkvæmdaraðili að áhrif dælingar geti orðið talsvert neikvæð. Samkvæmt matsskýrslu liggur staðsetning á borholum ekki fyrir í sinni endanlegu mynd og áhrif á grunnvatnsstöðu sem og vatnsstöðu yfirborðsvatns í votlendi eru óljós.

Prófanir á vatnsstöðu voru á pari við fyrirhugaða lágmarksvinnslu (500 L/s) og nærri fjórðungur af fyrirhugaðri hámarksvinnslu á svæðinu, en líkan notað til að áætla niðurdrátt til skemmri tíma, lítið fyrir 950 L/s og 2000 L/s sem byggir á línulegu sambandi dælingar og niðurdráttar. Selta og vatnshiti í vinnsluholum voru mæld handvirkt með regluglegu millibili. Niðurstöður líkanreikninga við fulla vinnslu sýna að niðurdráttur í holu FA-01 sem staðsett er á rifinu er áætlaður um 20 m og um 16 m í holu KO-09 sem er við vatna- og votlendissvæði austar. Samkvæmt gögnum er óljóst hvert þrýstisamband er milli grunnvatns og vatnstöðu í mýrlendinu og óvissa í túlkun gagna. Eftir að niðurstöður rannsóknardælinga lágu fyrir hefur framkvæmdaraðili séð mikilvægi þess að draga úr áhrifum dælingar með því að dreifa borholum yfir stærra svæði og þannig minnka staðbundið álag á grunnvatn. Hann telur mikilvægt að fylgjast með mögulegum

breytingum á grunnvatni, grunnvatnsstöðu og vatnsstöðu yfirborðsvatns samhliða aukinni dælingu stöðvarinnar á auðlindinni. Endanleg útfærsla á vöktun verður ákveðin í samráði við leyfisveitendur. Í skýrslu Mannvits kemur fram að vegna sprungukerfis sé svæðið fjarri því að vera einsleitt með tilliti til grunnvatnsstrauma og því ekki auðsótt að meta þykkt vatnsleiðara eða útmörk aðrennslisvæðis.

Veðurstofan bendir á að mælingar voru einungis gerðar í rúman mánuð, frá því um miðjan desember 2021 og fram í janúar 2022. Auk þess eru mælingarnar gerðar á mjög afmörkuðu rennsli, þ.e. frá 100 L/s upp í 500 L/s sem er einungis um fjórðungur þess vatsmangs sem áætlaður er. Líkanið sem notað er til að að áætla áhrif meiri dælingar gerir ráð fyrir línulegu samhengi sem er ekki einsýnt miðað við fyrirliggjandi gögn.

Veðurstofan telur mikilvægt að gerð sé nánari grein fyrir þeim borholum sem koma til greina til nýtingar sem og væntanlegri nýtingu þeirra. Stofnunin telur jafnframt að styrkja megi forsendur umhverfisáhrifa vegna grunnvatnstöku. Mikilvægt er að framkvæmdaraðili setji fram viðbrögð sín fari vatnsstaðan fram úr þeim viðmiðum á hverjum stað. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að vinnslan er breytileg innan ársins. Meginmarkmið skýrslna um mat á umhverfisáhrifum er að fagstofnanir geti tekið afstöðu til umhverfisáhrifa af væntanlegum framkvæmdum sem falla undir þann lagaramma. Án slíkra upplýsinga er erfitt um vik fyrir þær að meta umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar. Í ljósi laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 mega gæði vatnshlota ekki rýrna og því er mikilvægt að hafa skýra yfirsýn yfir þessa þætti. Lækkuð vatnsstaða getur einnig haft áhrif á lífríki viðkomandi vatna og votlendis.

Í ljósi stefnumörkunar stjórnvalda í loftslagsmálum er áriðandi að meta áhrif framkvæmdarinnar á loftslag, m.a. vegna umferðar. Jafnframt má benda á að sveiflur í vatnsstöðu mýra geta valdið losun gróðurhúsalofttegunda.

Fram kemur að framkvæmdaraðili hafi fengi leyfi landeiganda til að staðsetja borholur norðar á svæðinu. Veðurstofan teldi æskilegt væri að slíkt leyfi væri lagt fram sem hluti af matsskýrslunni.

## Náttúruvá

Kortið á mynd 2.2 er gert af Halldóri Péturssyni, ekki Haraldí Péturssyni.

Ekki er langt síðan að sprungur í sprungukerfinu við Kópasker hreyfðust við jarðskjálfta. Í svonefndum Kópaskersskjálfta árið 1976 urðu glliðunarhreyfingar á sprungum við Kópasker. Ragnar Stefánsson kannaði ummerki eftir skjálftann í skoðunarferð stuttu á eftir (sjá Skjálftabréf nr. 7, febrúar 1976). <https://jardvis.hi.is/sites/jardvis.hi.is/files/SkjalfTABref/sb-1976.pdf> Ragnar segir meðal annars í Skjálftabréfinu: „Á veginum, sem liggur inn á Kópasker, þar sem farið er upp á hina svokölluðu Rönd, var sprunga N-S gegnum veginn, þar sem virtist vera sig til austurs og gliðnun um 10-20 cm. Í gjánni, sem fylgir Randarbrúninni austanverðri, var mikill snjó og erfitt að átta sig á, hvernig hreyfing hefði verið á henni, en talsvert rask sást í snjó í gjánni eins langt og bílfært var norður með henni, rúma 2 km norður af Kópaskeri. Á þessari leið lágu sprungur í jarðvegi á nokkrum stöðum upp í Röndina.“

Nýlega (2019) hefur Ragnar endurtúlkað Kópaskersskjálftann 1976 og telur líklegt að hann hafi verið samsettur. Skjálftinn hafi byrjað í Öxarfirði, um 8 km suðvestur af Kópaskeri, og hafi þar verið á vinstrihandar lóðréttu norðaustlægu sniðgengi, en um 4 km suður af Kópaskeri hafi þessi vinstrihandarhreyfing orsakað A-V gliðnun á um 5-10 km löngu N-S siggengi sem fór gegnum Kópasker.

Heimild:

Ragnar Stefánsson & Gunnar B. Guðmundsson (2019). Kópasker Earthquake in 1976. About Pre-activity, Location and Post-activity. Í: Proceedings of the Northquake 2019 Workshop, Husavík, North Iceland, 21-24 May 2019, bls. 33-38. Þekkingarnet Þingeyinga. <https://hac.is/wp-content/uploads/Northquake2019.pdf>

### 4.6.3 Grunnástand

Mynd 4.38 byggist ekki á 0,03 m yfirborðshryfi yfir landi, eins og sagt er í textanum heldur 0,0 m. Eins og fram kemur eru sunnan- og austanáttir algengastar. Ætla má að Leirhafnarfjöll og



Snartarstaðanúpur skýli fyrir norðanáttinni sem mælist á Rauðanúpi og er þar tíðasta og versta hvassviðrisáttin, eins og fram kemur í fylgiskjalinu.

Eðlilegt væri að vindatlasinn væri nefndur í heimildaskrá.

Virðingarfyllt,

  
Arni Snorrason  
forstjóri VÍ

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

FAV Skipulagsstofnun

Máli: 11 maí 2022

Máttur

20.2.20.3.0.0.7

Garðabær, 11. maí 2022  
Málsnúmer: 202104-0051  
SS/LA

**Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu um eldisstöð á Röndinni í Kópaskeri, Norðurþingi.**

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 23. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu um eldisstöð á Röndinni á Kópaskeri, Norðurþingi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar þann 12. maí 2021. Vísað er í þá umsögn eins og við á.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Framkvæmdasvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá nr. 537 þ.e. *sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðalæk*. Bakkarnir eru jarðmyndun frá lokun ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum og jökulruðningur. Um minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins er að ræða. Staðsetning framkvæmdar innan verndarsvæðis er veigamikill þáttur í umhverfismatinu sem nauðsynlegt er að huga að og meta þarf sérstaklega öll efnisatriði er mögulega geta haft áhrif á verndaðar náttúruminjar.

Vatnsþörf eldisins hefur verið endurmetin frá því sem kom fram í matsáætlun og er nú gert ráð fyrir að mesta vatnsnotkun sé 2.160 l/sek en ekki 3.230 l/sek og ársmeðaltal sömuleiðis lægra, eða 981 l/sek í stað 1472 l/sek. Ekki er breyting á áætluðum fjölda borhola en nú er stefnt að því að þær verði ekki allar staðsettar innan lóðar eldisstöðvarinnar. Staðsetning allra þessa borhola liggur ekki fyrir en á afstöðumynd á bls. 46 er staðsetning 8 borhola sýnd en óvíst er um 18 holur þótt grófleg staðsetning þeirra á línulegum ás er sýnd á mynd 2.5 á bls. 30. Sú lína nær langt út fyrir lóðarmörk eldisstöðvarinnar. Til að leggja mat á umhverfisáhrif af vatnstökunni er mikilvægt að staðsetning borhola liggji fyrir, sérstaklega þeirra sem staðsettar eru utan lóðarinnar. Þetta er sérstaklega mikilvægt vegna staðsetningar framkvæmdarinnar innan verndarsvæðis. Fram kemur á bls. 29 að borholur verði staðsettar austan við jökulruðning við vestari lóðarmörkin.

Til að meta grunnástand grunnvatns á svæðinu var farið í dæluþrófun en hún átti sér stað í rúman mánuð frá desember 2021 til janúar 2022. Að mati Náttúrufræðistofnunar er þetta full stuttur tími fyrir dæluþrófun sem tekur ekki tillit til árstíðabundinna áhrifaþátta en eins og fram kemur er talið að sterkt samband sé milli veðurfars og vatnshæðar í mýrinni. Vötnin í nágrenni framkvæmdasvæðis njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga eins og fjallað er um á bls. 48. Þess vegna er mjög mikilvægt að hafa eins skýra mynda af áhrifum vatnstökunnar á votlendið í nágrenni tjarnanna og tjarnirnar sjálfar eins og hægt er. Því er slæmt að dæluþrófun hafi ekki



farið fram á þeim árstímum sem stefnt er að mestri vatnsnotkun þ.e. í júní og í september til að sjá hver áhrif svo mikillar vatnstöku verða. Líkanið sem stuðst er við gerir ráð fyrir allt að 2 metra niðurdrætti í mýrlendinu við 2000 l/sek vinnslu. Raunmælingar á réttum árstíma myndu styrkja útreikninga líkansins. Tveggja metra niðurdráttur getur haft töluverð áhrif á lífríki votlendis og ekki víst að áhrif úrkomu og leysinga dugi alltaf til þess að halda góðri vatnsstöðu. Nauðsynlegt er að vakta vatnsstöðuna í votlendinu og tjörnunum og bregðast við með breytingum á vatnstöku eins og þörf er á. Óásættanlegt er ef breytingar verða á vatnafari tjarnanna sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla og annað lífríki og Náttúrufræðistofnun metur með hátt verndargildi. Þá skal bent á að í bréfi Orkustofnunar frá 21. maí 2021 um nýtingarleyfi til töku grunnvatns á Röndinni felur í sér 200 l/sek nýtingu á ársgrundvelli og að hámarki 400 l/sek (<https://orkustofnun.is/gogn/Utgefin-leyfi/OS-2021-L012-01.pdf>). Áætluð vatnsþörf samkvæmt umhverfismatsskýrslu er langt umfram leyfilegt magn.

Í umsögn um matsáætlun lagði Náttúrufræðistofnun til að fjallað yrði um áhrif á jarðminjar og hvernig mikilvægum jarðminjum innan svæðisins yrði hlíf. Ekki var sérstaklega lagt mat á jarðminjar í umhverfismatinu heldur felld inn í umfjöllun um náttúruverndarsvæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði verið skýrara að fjalla almennt um áhrif á jarðminjar og mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir rask á jarðlögum sem lýst er í náttúruminjaskrá.


Í umfjöllun um áhrif á náttúruverndarsvæði gleymist að fjalla um tjarnir sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 þó það hafi komið fram fyrir í umhverfismatsskýrslunni. Umfjöllun um áhrif á verndaða jarðmyndun er ítarleg og ljóst að töluvert rask hefur þegar orðið á svæðinu. Það eykur mikilvægi þess að vernda þann hluta myndunarinnar sem minnst er raskaður. Þar er t.d. sérstaklega mikilvægt að rask vegna vatnstöku, vegagerðar og annarra framkvæmdaþátta á vesturhluta lóðarinnar sé haldið í lágmarki.

Í umfjöllun um fuglalíf er ekki fjallað um hver möguleg áhrif vatnstökunnar á fuglalíf í nálægu votlendi og við tjarnir geta orðið. Fjallað er um áhrif af uppbyggingu fiskeldisins á varp kríu og hettumáfs og er það raunhæf niðurstaða að mati Náttúrufræðistofnunar að áhrifin verði talsvert neikvæð. Áætlaðar mótvægisáðgerðir eru ágætar og gætu nýst kríuvarpinu.

Ekki var farið í athuganir á fjörulífi þrátt fyrir tilmæli Náttúrufræðistofnunar og Hafrannsóknarstofnunar. Þær upplýsingar hefðu getað gefið betri mynd á áhrif vegna rasks við að koma fyrir frárennslisröri sem og við að meta áhrif á lífríki vegna uppleystra lífrænna efna í frárennslinu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.



**Skipulagsstofnun**


Borgartún 7b  
105 Reykjavík

**Umhverfismatsskýrsla fyrir eldisstöð á Röndinni Kópaskeri, umsögn**

Vegagerðin hefur farið yfir umhverfismatsskýrslu fyrir eldistöð á Röndinni, Kópaskeri skv. tölvupósti dags. 23.3.2022.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við skýrsluna.

-----  
Síða 1/1




-----  
**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Magnús Björnsson

Undirskrift

\_\_\_\_\_

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍKReykjavík, 18. maí 2022  
Tilvísun: OS2022030107/22.2  
Verknúmer: 3051380**Efni: Stækkun fiskeldisstöðvar á Röndinni við Kópasker, umsögn um umhverfismatsskýrslu**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 23. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Orkustofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar eldisstöðvar á Röndinni við Kópasker með vísan til 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 1381/2021, skal í umsögnum umsagnaraðila koma fram hvort þeir hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði sínu, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum þeir telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Þá skulu leyfisveitendur gera í umsögn sinni grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar. Með auðlindum er í lögunum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Grunnvatn er skv. auðlindalögum skilgreint sem vatn neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt er því háð framangreindu leyfi Orkustofnunar.

Tilgreind lagaákvæði afmarka stjórnarsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum tilgreindrar umhverfismatsskýrslu.

Samkvæmt lýsingu framkvæmdaraðila er áformað að bora allt að 24 borholur samhliða strönd, frá athafnasvæði félagsins við Snartastaðalæk og norður að vegamótum Sléttuvegar og Austurtraðar. Áformuð meðalnýting er 981 l/s af fullsöltum jarðsjó, með hámarksupptöku 2.160 l/s í júní og september þegar saman eru í eldi tveir seiðahópar. Í töflu 2.1 kemur og fram að ekki sé gert ráð fyrir nýtingu á vatni í janúar og febrúar. Í tillögu að matsáætlun var miðað við upptöku að meðaltali 1.472 l/s og mest 3.230 l/s. Skv. umhverfismatsskýrslu er ástæða þessa samdráttar endurmat á vatnsþörf og áformuð aukin endurnýting vatns. Orkustofnun fagnar því að framkvæmdaraðili leiti leiða til að draga sem kostur er úr upptöku grunnvatns.

Rannsóknir á fyrirbyggjandi gögnum og nýjum borholum sem framkvæmdaraðili hefur borað vegna þessa verkefnis benda til að ummerki seltu byrji að sjást á um 30-35 m dýpi og komið sé niður á fullsaltan sjó á um 50 m dýpi. Samkvæmt lýsingu verða borholur fóðraðar niður á 50 m dýpi og sjó dælt neðan 50 m. Þetta skipulag er í samræmi við núverandi rekstur fiskeldisstöðvarinnar, sbr. nýtingarleyfi útgefið af Orkustofnun þann 12. maí 2021 (leyfi OS-2021-L012-01). Má telja mikilvægt fyrir eldisstöðina að hindra að ferskt grunnvatn komi til vinnslunnar sem byggir á söltum (hlýjum) jarðsjó, og jafnframt að slík tilhögun dragi úr líkum á aukinni blöndun jarðsjávar við fersku grunnvatnslinsuna fyrir ofan.

Í umsögn Orkustofnunar, dags. 14. maí 2021, um tillögu að matsáætlun vegna framkvæmdarinnar, taldi stofnunin brýnt að við undirbúning fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar færi fram ítarleg greining á áhrifum af öflun grunnvatns. Taldi stofnunin að framkvæmdaraðili þyrfti að sýna fram á að hægt verði að auka vatnstöku jafn mikið og áformað var, án skaðlegra áhrifa á grunnvatnsgeyminn og jafnframt að fyrir liggi raunhæfar áætlanir um staðsetningu borhola. Lagði stofnunin til að gert yrði ráð fyrir líkanreikningum á viðbrögðum grunnvatnskerfisins sem byggi á mælingum á afkastagetu núverandi borhola og fyrirhugaðri staðsetningu þeirra. Kanna þyrfti áhrif dælingar á volgum jarðsjó undan grunnvatnslaginu, m.a. með hliðsjón af grunnvatnsstöðu. Í því sambandi var vakin athygli á votlendu svæði austan Randarinnar.

Fram kemur í framlögðum gögnum að framkvæmdaraðili hafi látið fara fram greiningu á viðbrögðum grunnvatnskerfisins og yfirborðsvatns við dælingu, sbr. viðauka A með umhverfismatsskýrslu. Til þess var dælt tæplega  $\frac{1}{4}$  af fyrirhugaðri hámarksupptöku og framreiknuð áhrif út frá þeirri forsendu að samband milli upptöku og áhrifa af henni sé línulegt á því sviði. Orkustofnun gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við þessa reikninga og líkangerð en bendir á, líkt og tilgreint er á bls. 55 í frummatsskýrslu, að óvissa um túlkun gagna er allnokkur. Stofnunin bendir og á að fyrirhuguð hámarksnýting tengist samlegðaráhrifum af eldi tveggja hópa seiða og jafnframt að gert er ráð fyrir því að tveir mánuðir séu án vinnslu og án vatnsupptöku. Stofnunin vekur því athygli á að jafnvel miðað við þá hámarksframleiðslu sem tilgreind er, geti verið svigrúm til að dreifa úr skipulagi eldishópa innan ársins og þar með lækka hámarksnýtingu, reynist framangreindar forsendur ekki standast. Í umhverfismatsskýrslu er enda tilgreint að gert sé ráð fyrir því að slík staða vari einungis í nokkra daga frá útsetningu nýs hóps og áður en eldri eldishópur er fluttur í sjókvíeldi, og framkvæmdaraðili telji jafnframt ólíklegt að slík staða komi upp.

Þá bendir Orkustofnun á að í umhverfismatsskýrslu kemur fram (bls. 6 og 29) að byggt á niðurstöðum á útreiknuðum áhrifum hafi verið ákveðið að dreifa meira úr borholum en áður hafi verið ráðgert (sbr. t.a.m. mynd 2.3 á bls. 18 í tillögu að matsáætlun og bls. 14 í umhverfismatsskýrslu). Orkustofnun fær ekki séð að metin hafi verið áhrif þessarar breytingar á staðsetningu upptöku. Almenn má telja að dragi úr niðurdrætti eftir því sem dreift er úr borholum (þvert á aðstreymi) en stofnunin saknar þess að ekki hafi verið tilgreind áhrif þessa. Auk þess leiðir sú tilhögun sem nú er stuðst við til meiri nálægðar borhola við votlendi það sem skoðað var í skýrslu Mannvits (sbr. mynd 3 í viðauka A og mynd 2.5 bls. 30 í umhverfismatsskýrslu). Þá ber ekki saman lýsing á bls. 4 í viðauka A, um að Kotatjörn sé um 400 m norðan við nyrstu vinnsluholu og endurskoðuð staðsetning, sbr. áður nefnda mynd 2.5, þar sem nyrstu borholur eru áætlaðar um 70 m vestan við miðja tjörnina. Hér togast því á annars vegar aukin dreifing á borholum og hins vegar breytt staðsetning á þeim og ekki er ljóst af gögnum hver niðurstaðan er varðandi áhrif áformaðrar vinnslu. Samandregið telur Orkustofnun að óljóst sé um niðurdrátt út frá nýrri tilhögun, ekki liggi fyrir af hvaða dýpi áformuð vatnstaka verður og hver áhrif nýtingar verði á yfirliggjandi ferskvatnslinsu og yfirborðsvatn. Telur stofnunin mikilvægt að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en sótt er um nýtingarleyfi, ef af verður.

Varðandi umfjöllun um grunnvatnshlot og álag þar á (bls. 24) bendir Orkustofnun á að skipting landsins í grunnvatnshlot er unnin út frá lekt jarðлага og miðuð út frá ferska grunnvatninu, þ.e. ofanáliggjandi grunnvatnslinsu, en hefur litla sem enga tengingu við jarðsjóinn sem á jú uppruna sinn úr vestri (af hafi) og ólíklegt er að ná langt inn til landsins. Miðað við áform um að dæla neðan 50 m er því ekki verið að vinna úr viðkomandi vatnshloti, en áhrifa nýtingar gætir að sönnu í því.


Sæki félagið um nýtingarleyfi, sbr. auðlindalög, mun Orkustofnun taka afstöðu til vöktunar og eftirlits með nýtingu, verði leyfi veitt. Á því stigi mun verða tekin afstaða til þeirra þátta sem tilgreindir eru í frummatsskýrslu, og að teknu tilliti til umsagna um skýrsluna, álits Skipulagsstofnunar og umsagna um umsókn. Orkustofnun tekur því ekki á þessu stigi afstöðu til umfjöllunar um vöktun í frummatsskýrslu.

Athugið, bréf þetta er eingöngu sent rafrænt í tölvupósti, ekki verður sent prenteintak af því

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlagða umhverfismatskýrslu.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar um nýtingarleyfi, komi til þess. Framangreind umsögn miðast við gögn þau sem fylgdu með erindi Skipulagsstofnunar. Komi fyrirhuguð framkvæmd til lögformlegrar afgreiðslu Orkustofnunar á einhverju stigi áskilur stofnunin sér enn fremur rétt til að kalla eftir frekari gögnum, m.a. í ljósi framangreindra ábendinga og niðurstöðu úr umhverfismati framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra




Kristján Geirsson  
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir  
lögfræðingur



UMHVERFIS  
STOFNUN



Skipulagsstofnun  
b.t. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2022  
UST202203-299/A.Þ.  
08.12.00

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum – umhverfismatsskýrsla – stækkun fiskeldisstöðvar á Röndinni á Kópaskeri

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 23. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umhverfismatsskýrslu.

Starfsemin og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Málshraðaviðmið stofnunarinnar vegna útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar frá móttöku fullnægjandi umsóknar.

Umhverfisstofnun veitti umsögn um tillögu að matsáætlun fyrir ofangreinda framkvæmd þann 28. maí 2021.<sup>1</sup>

### Framkvæmdarlýsing

Rifós hf. (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) áformar stækkun fiskeldisstöðvar á Röndinni á Kópaskeri en um er að ræða landeldi. Fyrirhuguð eldisstöð verður staðsett syðst á Röndinni við ósa Snartarstaðalækjar og er gert ráð fyrir 8.800 tonna framleiðslu á ári á laxfiskum. Standandi lífmassi verður að hámarki 2.700 tonn. Seiðin verða alin í volgum jarðsjó þar til þau verða orðin 300-1.000 g að þyngd en verða þá flutt til sjókvíar Fiskeldis Austfjarða í Berufirði og Fáskrúðsfirði.

Gert er ráð fyrir fjórum kerjapöllum sem hver er með allt að átta útikerjum, alls 32 ker. Vatnstaka verður mest 2.160 l/sek og borholur verða 24 talsins.

Framkvæmdaraðili rekur nú þegar fiskeldisstöð á svæðinu og hefur starfsleyfi sem heimilar 400 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma.

### Mat á umhverfisáhrifum

Við mat á umhverfisáhrifum skal taka mið af umfangi og eðli framkvæmdar auk staðsetningar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti. Umhverfisstofnun tekur afstöðu til áhrifa á eftirfarandi umhverfisþætti sem metnir eru í umhverfismati: grunnvatn, fuglar, sjónræn áhrif, náttúruverndarsvæði, lyktarmengun, útivist og upplifun.

<sup>1</sup><https://www.ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/UM%20TAM%20R%20K%20b%20K%20b%20st%20a%20kkun%20undirrita%20.pdf>



Niðurstaða umhverfismatsins er sú að framkvæmdaraðili telur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa talsvert neikvæð áhrif á grunnvatn/vatnafar og á fugla en að áhrifin verði óveruleg á aðra umhverfisþætti.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umhverfismatsskýrslu:

### **Valkostir**

Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslunni er aðeins fjallað um umhverfisáhrif eins valkosta. Þá segir að við gerð deiliskipulags voru skoðaðir fleiri staðsetningarmöguleikar sem töldust ekki raunhæfir.

Í skýrslunni er fyrirhuguð framkvæmd borin saman við núllkost en núllkostur felur í sér að ekki verði ráðist í framkvæmdina. Þá er framkvæmdin borin saman við núverandi ástand, þ.e. eldi á að hámarki 400 tonna lífmassa, einum kerjapalli og þjónustuhúsi. Umhverfisstofnun telur að bera hefði átt fyrirhugaða framkvæmd við ástand svæðisins áður en framkvæmdaraðili hóf þar eldi árið 2020. Að mati stofnunarinnar er dregið úr vægi áhrifa framkvæmdarinnar á umhverfið þegar framkvæmdinni er skipt upp í smærri einingar líkt og hér er gert.

### **Skipulag**

Umhverfisstofnun bendir á að skv. nágildandi deiliskipulagi með síðari breytingum er gert ráð fyrir að leyfilegt umfang fiskeldisins verði um 2.000 tonn á ári. Í umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun var bent á þetta. Stofnunin sér ekki að ákvæði um umfang hafi verið breytt þegar breyting á deiliskipulagi tók gildi í október sl. Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag. Stofnunin getur því aðeins gefið út starfsleyfi fyrir starfsemi sem samræmist skipulagi.

### **Grunnvatn og vatnafar**

Umhverfisstofnun tekur undir það mat á áhrifum framkvæmdarinnar að áhrif á grunnvatn og vatnafar og fugla, geti orðið talsvert neikvæð. Því er mikilvægt að bregðast við því til að draga úr þeim áhrifum.

Grunnvatnshlotið sem vatnstaka verður úr er Melrakkaslétta 102-136-G. Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun skal tryggja að magnstaða vatns sé góð. Ef kemur í ljós að starfsemin veldur breytingum á vatnshæð í mýri og tjörnum á svæðinu skal fara í úrbætur til að koma ástandinu í fyrra horf.

Umhverfisstofnun vill benda á að vatnaáætlun Íslands hefur verið staðfest af ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála<sup>2</sup> en markmið hennar er að allt vatn verði í góðu eða mjög góðu ástandi. Með nýrri vatnaáætlun mun fara fram vinna við vöktun vatnshlota og að lokum staðfesting á ástandi þeirra.

<sup>2</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf)

### Fráveita

Líkt og fram kemur í umhverfismatsskýrslunni losar fiskeldið í viðtakann Öxarfjörð sem hefur vatnshlotanúmerið 102-1367-C og nefnist *Hvanndalir að Digranesi*. Grunnvatnshlotið sem dælt verður upp úr hefur vatnshlotanúmerið 102-136-G og nefnist *Melrakkaslétta*.

Umhverfisstofnun bendir á, líkt og fram kemur í skýrslunni, að fráveituvatni skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð og 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum, skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Samkvæmt 7 mgr. 9. gr. reglugerðarinnar er framkvæmdaraðila heimilt að leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði 2. mgr.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að lagning neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar og skal samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

### Fuglar

Niðurstaða umhverfismatsins er sú að framkvæmdin muni koma til með að hafa bein og varanleg áhrif á hettumáfs- og kríuvarp, aðallega í formi búsvæðaeyðingar. Talið er að koma megi í veg fyrir að krían yfirgefi þennan varpstað með því að slá eða beita norðan skipulagssvæðis í þeim tilgangi að kríur geti nýtt það svæði í framtíðinni. Talið er líklegt að hettumáfar yfirgefi þennan varpstað. Áhrif framkvæmdarinnar á fugla eru því metin talsvert neikvæð. Umhverfisstofnun tekur undir það. Með því að skapa aðstæður fyrir kríu til að verpa (líkt og fjallað er um í kafla 4.2.5) telur stofnunin að draga megi úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á kríu.

### Náttúruverndarsvæði

Framkvæmdarsvæðið er á svæði sem nefnist *Röndin við Kópasker, Öxarfjarðarhreppi* og er á náttúruminjaskrá, líkt og fram kemur í umhverfismatsskýrslu. Svæðinu er lýst sem jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið). Þar er sjávarset með skeljum og jökulruðningi og þar er einnig minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins.

Í skýrslunni segir að síðastliðið sumar var farið í vettvangsferð og jarðmyndunin kortlögð. Hún nær yfir um 4,5 ha svæði frá sláturhúsinu og suður að ósi Snartarstaðalækjar en myndir 4.33 og 4.34 sýna afmarkanir lóðarmarka fiskeldisins, svæðis á náttúruminjaskrá og afmörkun jarðmyndarinnar.

Fyrirhugað er að byggja kerjapalla austan við jarðmyndunina. Aðkomuvegur verður hins vegar ofan á jarðmynduninni. Fram kemur að áhrifa muni einungis gæta á yfirborði jarðmyndunarinnar og að rask á jarðmynduninni sjálfri ætti að verða lítið sem ekkert á meðan ekki verða grafnar lagnir eða aðrir skurðir í gegnum hana. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að raska ekki jarðmynduninni til að rýra ekki verndargildi náttúruminjanna.

## Úrgangur

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir að 847 tonn af fastefni falli til vegna starfsemi fiskeldisstöðvarinnar á ári. Fastefnið verður nýtt sem áburður til landgræðslu og fóðurframleiðslu. Fyrirhugað er að nota hana til uppgræðslu og landræktunar í nágrenni stöðvarinnar.

Umhverfisstofnun telur alla endurnýtingu úrgangs afar jákvæða og bendir á að í júní árið 2021 gaf umhverfis- og auðlindaráðuneytið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*, en í henni kemur m.a. fram stefna stjórnvalda í meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Meginmarkmið stefnunnar eru m.a. að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu með því að auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs, draga úr urðun og hætta alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs.<sup>3</sup>

Í þessu samhengi má jafnframt benda á að förgun er síðust í forgangs röðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá munu, þann 1. janúar 2023, lög nr. 103/2021 um breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs taka gildi. Með nýjum lögum er einstaklingum og lögaðilum skylt að flokka heimilisúrgang. Hvorki verður þá heimilt að urða né senda til brennslu, m.a. lífúrgang sem hefur verið sérstaklega safnað, nema þann úrgang sem eftir verður og hentar hvorki til endurnotkunar né endurvinnslu og brennsla, eða eftir atvikum urðun, er sá kostur sem skilar bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið.

## Niðurlag

Umhverfisstofnun tekur undir niðurstöður umhverfismatsskýrslunnar og telur að framkvæmdin muni hafa talsverð neikvæð áhrif á grunnvatn/vatnafar og fugla. Umhverfisstofnun telur að með því að slá eða beita norðan skipulagssvæðis í þeim tilgangi að kríur geti nýtt það svæði í framtíðinni megi draga úr áhrif framkvæmdarinnar á kríur. Þessi mótvægisáðgerð mun þó ekki draga úr áhrifum á hettumáfa sem munu yfirgefa varpstaðinn.

Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að fylgst verði með magnstöðu grunnvatns og farið í úrbætur ef í ljós kemur að starfsemin valdi breytingum á vatnshæð.

Stofnunin telur mikilvægt að verndargildi jarðmyndunar Randarinnar rýrni ekki og að ekki verði grafnir skurðir í gegnum hana.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

Steinar Rafn Beck Baldursson  
*sérfræðingur*

<sup>3</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Stefna%20um%20me%C3%B0h%C3%B6ndlun%20%C3%BArgangs%202021-2032%20090621.pdf>